



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

26. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 11. febrúar 2025 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Lína Björg Tryggvadóttir, Byggðapróunarfulltrúi í Uppsveitum Árnessýslu var gestur undir lið 1. og 2.

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Borg í Sveit / Grímsævintýri

Byggðapróunarfulltrúi getur hjálpað við að búa til auglýsingar og dreifa. Gefur ráð varðandi markaðssetningu. Getur dreift auglýsingum á íbúasíðurnar í sveitarfélögunum í kring.

ATH með tilboð og dagskrá á tjaldstæðinu til að fá fólk til að vera lengur. Einnig hjá öðrum þjónustuaðilum og veitingastöðum.

Hugmyndir um að hafa brekkusöng á Borg. ATH með Magnús Kjartan.

Mikilvægt er að endurskoða ímynd Grímsævintýra, gera nýtt lógó, og markaðssetja betur.

2. 17. júní

Byggðapróunarfulltrúi ætlar að athuga betur með samstarf uppsveitanna með skemmtiatriði á 17. Júní með það að markmiði að geta fengið stærra atriði.

Til að geta haldið vel utan um bæði 17. Júní og Grímsævintýri væri mikilvægt að ráða verkefnastjóra eða fá starfsmann hjá sveitarfélaginu. Enda vinnan við þessa viðburði töluverð.

3. Önnur verkefni atvinnu- og menningarnefndar á árinu

Frestað.

4. Fundartímar

Næsti fundur verður haldinn 4. mars klukkan 17:00

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:30.